

Erindisbréf starfshóps um hönnun frístundamiðstöðvar

Skipan:

Hópurinn skipa Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi og Sveinn Ægir Birgisson, D-lista. Með hópnum starfa eftirfarandi starfsmenn sveitarfélagsins:

Bragi Bjarnason, deildastjóri frístunda- og menningardeildar, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, frístunda- og forvarnafulltrúi og Atli Marel Vokes, sviðstjóri mannvirkja og umhverfissviðs.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar er formaður hópsins.

Verkefni:

Starfshópnum er ætlað að vera hönnuðum til ráðgjafar og eftirlits við 1. áfanga hönnunar frístundamiðstöðvar.

Í 1. áfanga er forhönnun, valkostagreining og gerð kostnaðaráætlunar og við lok þess áfanga fara niðurstaða til afgreiðslu í Bæjarstjórn Árborgar sem tekur ákvörðun um hvort haldið verði áfram í 2. áfanga.

Samþykki bæjarstjórn að halda verkinu áfram felur 2. áfangi í sér fullnaðarhönnun, gerð útboðsgagna og verklýsinga framkvæmda fyrir fyrsta byggingaráfanga frístundamiðstöðvar.

Hópurinn hafi við vinnu sýna sem víðtækast samráð við hagsmunaaðila og hefur heimild til að boða þá til fundar eins og þarf.

Starfshópurinn hefur í samræmi við fjárheimildir verkefnisins heimild til að kalla að sérfræðinga til aðstoðar.

Tími:

Hópurinn starfar þar til 2. áfanga frumhönnunnar er lokið.

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019.

Samþykkt í bæjarráði xx maí 2021
